

Eftirfylgni: Átaksverkefni um tannlækningar fyrir börn tekjulágra forráðamanna

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki tvær ábendingar til velferðarráðuneytis frá árinu 2014 um tannheilsu barna. Fyrri ábendingin laut að því að ráðuneytið léti rannsaka tannheilsu barna á Íslandi. Þótt slík rannsókn hafi ekki verið gerð síðan 2005 er undirbúningur hafinn að samræmdri skráningu og innköllun tannheilsugagna hjá Embætti landlæknis. Söfnun slíkra gagna ætti að auðvelda rannsóknir og miðlun upplýsinga um tannheilsu barna. Ráðuneytið er hvatt til að stuðla að slíkum rannsóknum.

Seinni ábending Ríkisendurskoðunar laut að því að velferðarráðuneyti beitti sér fyrir því að fleiri börn yrðu skráð í hjá heimilistannlæknum. Slíkum skráningum hefur fjölgað úr 64% í 91% á síðustu þremur árum. Langflest börn sem heyra undir ákvæði samnings um tannlækningar barna og unglunga ættu því að vera komin í reglulegt eftirlit hjá tannlæknum.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2014

Í skýrslunni [Átaksverkefni um tannlækningar fyrir börn tekjulágra forráðamanna](#) (2014) fjallaði Ríkisendurskoðun um verkefni sem velferðarráðuneyti réðst í árið 2011. Þá hafði hópur barna á Íslandi ekki fengið tannlæknaþjónustu sökum fjárhags- eða félagslegra erfiðleika. Rannsókn á munnheilsu barna á Íslandi frá 2005 (MUNNÍS-rannsóknin) hafði jafnframt sýnt að hlutfall barna sem fékk slíka þjónustu árlega var lægra á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum og að meðaltal skemmdra, tapaðra eða fylltra fullorðinstanna hjá 12 ára börnum var hæst hér á landi.

Árið 2011 hafði samningur milli ríkis og tannlækna ekki verið í gildi frá árinu 1998 (fyrir utan forvarnarsamning) og gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands ekki fylgt almennri verðlagsþróun og hækkunum á gjaldskrá tannlækna. Þótt reglugerðarákvæði gerðu ráð fyrir að Sjúkratryggingar greiddu 75% kostnaðar við tannheilbrigðisþjónustu barna og unglunga var greiðsluþátttakan í reynd innan við 50%. Færri leituðu því til tannlækna en ella.

Árið 2009 voru heimtur barna (0–18 ára) til tannlækna um 55%. Endurgreiðslur ríkisins vegna tannlækninga urðu því lægri en gert var ráð fyrir. Afgangur myndaðist á tilheyrandi fjárlagalið Sjúkratrygginga Íslands og var hann notaður til að fjármagna átaksverkefnið árið 2011. Til stóð að verja 150 m.kr. til þess en raunkostnaður varð 46 m.kr. vegna lítillar þátttöku. Fyrirfram var talið að markhópurinn teldi um 9.000 börn í brýnni þörf. Einungis var sótt um fyrir 1.335 börn og fengu 1.078 umsókn sína samþykkt. Verkefninu lauk í janúar 2012. Þá höfðu 69% samþykktar þátttakenda fengið meðferð en 31% þáði hana ekki þegar til kom.

Átaksverkefnið verður ekki endurtekið þar sem nýr samningur um tannlækningar barna var gerður í apríl 2013. Hann kemur til framkvæmda í áföngum til ársins 2018. Samkvæmt samningnum greiða Sjúkratryggingar Íslands að fullu kostnað vegna tannheilbrigðisþjónustu barna og unglunga yngri en 18 ára, að frátöldu árlegu komugjaldi, ef þau eru skráð hjá heimilistannlækni. Samningurinn tekur einnig til barna í bráðavanda sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður þótt þau falli utan aldursmarka hverju sinni.

Nýmæli í samningnum voru ákvæði um heimilistannlækna. Hlutverk þeirra er m.a. að boða börn í reglulegt eftirlit, annast nauðsynlegar tannlækningar og forvarnir þeim tengdum. Þá ber þeim að tilkynna Sjúkratryggingum Íslands ef barn skilar sér ekki í reglubundið eftirlit.

Ábendingar árið 2014

Ríkisendurskoðun beindi tveimur ábendingum til velferðarráðuneytis árið 2014. Annars vegar að það léti rannsaka tannheilsu barna á Íslandi sem ekki hafði verið gert síðan 2005. Þannig mætti afla gagna um tannheilbrigði þeirra og meta síðar árangur af tilkomu heimilistannlækna. Þá yrði að vera hægt að gera samanburð milli tímabila og við önnur lönd til að fá raunhæfa mynd af stöðu og þróun í tannheilbrigðismálum barna á Íslandi.

Ríkisendurskoðun hvatti velferðarráðuneyti hins vegar til að beita sér fyrir því að fleiri börn yrðu skráð hjá heimilis-

tannlæknum og að þau mættu til þeirra. Það væri mikilvægt til að ná því markmiði að öll börn á Íslandi fengju nauðsynlega tannlæknaþjónustu og að tannheilsa þeirra yrði eins og best gerist á Norðurlöndum. Í mars 2014 höfðu um 64% barna sem þá féllu undir ákvæði um heimilistannlækna verið skráð hjá slíkum tannlækni.

Í viðbrögðum við ábendingum Ríkisendurskoðunar 2014 tók velferðarráðuneyti undir mikilvægi þess að tannheilsa barna yrði metin og sagði tímabært að endurtaka MUNNÍÐ-rannsóknina frá 2005. Þá benti ráðuneytið á að það hefði veitt Embætti landlæknis gæðastyrk vegna verkefnis sem fæli í sér að safna og vinna upplýsingar um tannheilbrigðisþjónustu og tannheilsu með rafrænni vöktun á heimtum barna til heimilistannlækna og söfnun rauntímaupplýsinga um tannheilsu þeirra.

Velferðarráðuneyti taldi einnig mikilvægt að efla þá nýjung sem tilkoma heimilistannlækna væri og meta reglulega árangur þess fyrirkomulags. Það gerði jafnframt ráð fyrir að heilsugæslan, tannlæknar og Sjúkratryggingar Íslands myndu hefja samstarf um að útfæra viðbrögð og lausnir við því ef barn fengi ekki notið nauðsynlegrar tannlæknaþjónustu.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2017

Í nóvember 2016 óskaði Ríkisendurskoðun eftir því að velferðarráðuneyti lýsti því hvernig það hefði brugðist við ábendingum stofnunarinnar frá 2014. Svör bárust í febrúar 2017.

Í svörum ráðuneytisins kom fram að enn hefði ekki fengist fjármagn til að endurtaka landsrannsókn á tannheilsu barna frá 2005. Samkvæmt starfsáætlun Embættis landlæknis 2017–20 væri þó hafinn undirbúningur að samræmdri skráningu og innköllun tannheilsugagna í samstarfi við Tannlæknafélag Íslands og starfandi heimilistannlækna. Gert væri ráð fyrir að upplýsingar um tannheilsu 5, 12 og 15 ára barna yrðu sendar inn einu sinni á ári. Tannheilsuskráning tæki mið af bæði sjónrænni greiningu og röntgen-greiningu. Svipað fyrirkomulag væri annars staðar á Norðurlöndunum. Þá stefndi embættið að því að koma upp vöruhúsi heilbrigðisgagna sem byggir á gagnagrunnum embættisins. Þangað megi sækja lykiltölur um tannheilsu og tannheilbrigðisþjónustu á næstu árum.

Ríkisendurskoðun telur framangreindar aðgerðir vera til bóta og hvetur velferðarráðuneyti til að beita sér fyrir því

að þær nái fram að ganga. Ekki fengust afdráttarlaus svör frá ráðuneytinu um hvort tannheilsa barna verði rannsökuð með markvissum hætti á næstunni. Ríkisendurskoðun telur þó að samræmd söfnun tannheilsugagna á einn stað ætti að auðvelda slíkar rannsóknir og miðlun upplýsinga um stöðu mála. Stofnunin ítrekar ekki ábendingu sína frá árinu 2014 en hvetur velferðarráðuneyti eindregið til að tryggja að gerð verði rannsókn á tannheilsu barna á Íslandi.

Samkvæmt svörum velferðarráðuneytis árið 2017 eru nú rúmlega 91% barna sem eiga rétt á gjaldfrjálsum tannlækningum skráð hjá heimilistannlækni. Sjúkraskrárkerfi heilsugæslunnar hefur frá ársbyrjun 2016 haft aðgang að rauntímaupplýsingum Sjúkratrygginga Íslands um þessar skráningar. Hafi barn ekki skráðan heimilistannlækni hefur skólahjúkrunarfræðingur samband við forráðamenn þess og hvetur þá til að panta tíma hjá tannlækni. Þeim er einnig bent á að tannlæknir geti gengið frá skráningu barns þegar mætt er í tanneftirlit.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur mikill árangur náðst í þessum málum. Þá hefur komum barna til tannlæknis einnig fjölgað. Upplýsingar frá velferðarráðuneyti sýna að árið 2016 greiddu Sjúkratryggingar Íslands fyrir tannlækningar 46.167 barna sem þá heyrðu undir samning þeirra við tannlækna. Það jafngildir 69% barna í þeim markhópi. Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingu sína.

Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Velferðarráðuneyti fékk drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin því fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.